

Föstudaginn 7. febrúar 1992.

Nr. 37/1992. **Vélsmiðja Tálknafjarðar hf.**

gegn

Sigurði Pálmasyni.

Kærumál. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru, sem barst sýslumanninum í Barðastrandarsýslu 2. janúar 1992. Kærður er frávísunardómur aukadómpings Barðastrandarsýslu 17. desember 1991. Kæruheimild er í b-lið 1. tl. 1. mgr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst sóknaraðili kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að frávísunardómurinn verði staðfestur og sóknaraðila gert að greiða málskostnað.

Málsaðilar voru ekki viðstaddir dómsuppsögu í héraði, og lögmaður sóknaraðila fékk ekki vitneskju um úrslit málsins fyrr en 27. desember 1991. Telst kæran því nægjanlega snemma fram komin.

Héraðsdómari synjaði sóknaraðila um heimild til að leggja fram skjöl í málinu, þegar þing var háð 3. desember sl. Skjöl þessi tengdust ekki nýjum kröfum eða málsástæðum, og hefði því verið rétt að taka við þeim. Eins og málið er nú komið, verða dómaranum þó ekki hér í dómi gefin fyrirmæli þar að lútandi. Hefur héraðsdómari kveðið upp frávísunardóm með heimild í 116. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda telur hann vandkvæði á að dæma málið eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Er ekki rétt, eins og á stendur, að haggja við þessari niðurstöðu.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Barðastrandarsýslu 17. desember 1991.

Mál þetta, sem var tekið til dóms eða úrskurðar 3. desember sl., er höfðað með stefnu, áritaðri um birtingu 30. apríl 1991.

Stefnandi er Vélsmiðja Tálknafjarðar, Tálknafirði, kt. 690269-3689. Stefndi er Sigurður Pálmason, Mariúbaka 28, Reykjavík, kt. 240348-4979.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi greiði honum 302.604,70 kr. auk 23% ársvaxta af 95.389 kr. frá 27.7. 1990 til 30.9. 1990, af 387.354 kr. frá þeim degi til 1.10.1990, 21% ársvaxta frá þeim degi til 30.10. 1990, af 302.604,70 kr. frá þeim degi til 1.3. 1991, 23% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu, en með dráttarvöxtum skv. 10. gr. I. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Krafist er málskostnaðar vegna flutnings um formhlið málsins á sama hátt.

Stefndi gerði upphaflega þær dómkröfur aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi, og til vara, að stefndi yrði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Frávísunarkrafa stefnda byggðist upphaflega á mistökum við stefnubirtingu, en síðar var fallið frá því, en með bókun í flutningi málsins um formhlið þess 3. desember mótmælti stefndi framlagningu skjala stefnanda sem of seint fram kominna og krafðist frávísunar vegna vanreifunar. Stefndi krefst málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ og að málskostnaðarfjárhæðin beri dráttarvexti skv. III. kafla I. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Krafist er málskostnaðar vegna flutnings um formhlið málsins á sama hátt.

Stefnandi segir málavexti þá, að hann hafi unnið við að skoða og skipta um drif í mb. Kló, RE-147, sem er í eigu stefnda. Við þingfestingu lagði stefnandi fram tvo reikninga, sem eru svohljóðandi:

Sigurður Pálmason v/Kló.

1990 júní. An: samkv. verkb. nr. 53

vinna	47.908
vélav.	3.740
efni	79.359
kr.	131.007
vsk.	15.618
kr.	115.389

Nr. 682.

1990 ágúst. An: samkv. verkb. nr. 181

vinna	17.055
vélav.	3.410
flutningsk.	5.000
efni	331.798

kr.	357.263
vsk. af efni	65.298
samtals kr.	291.965

Nr. 964.

Stefnandi segir, að 27.7. 1990 hafi stefndi borgað 20.000 kr. inn á fyrri reikninginn, og eftirstöðvar hans hafi þá numið 95.389 kr. Og 30.10. 1990 hafi stefndi greitt 95.389 kr., og þá hafi áfallnir dráttarvextir vegna eftirstöðva fyrri reiknings verið 10.639.70 kr. Eftirstöðvar, 302.604,70 kr., sem séu stefnukröfur þessa máls, hafi ekki fengist greiddar þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir.

Stefndi segir málavöxtu þá, að stefndi hafi fest kaup á drifi í fiskibát sinn, Kló, RE-147, af gerðinni Sóma 800, árg. 1987, hinn 10.10. 1989. Hinn 31.8. 1990 hafi drifið bilað og var dæmt ónýtt af stefnanda málsins, umboðsaðila Brimborgar. Á ábyrgðartíma drifsins hafi það verið skoðað með reglubundnum hætti hjá umboðsaðila Brimborgar hf., stefnanda, sem jafnframt hafi skipt um olíu á því. Stefndi hafi aldrei litið svo á, að stefnandi væri að vinna í sína þágu, heldur sem umboðsaðili Brimborgar hf., enda hafi stefnandi sjálfur náð í nýtt drif til Reykjavíkur, þegar hann hafi úrskurðað það (sic) ónýtt.

Við flutning um formhlið máls 3. desember 1991 óskaði stefnandi eftir því að fá að leggja fram skjöl í málinu.

Þessari framlagningu mótmælti stefndi með framlagningu bókonar. Stefndi vísar til 88., sbr. og 105. gr. l. 85/1936, og tekur fram, að ekki séu fyrirvarar í greinargerð stefnanda um frekari framlagningu gagna eða málsútlistanir. Því hefði málatilbúnaður stefnanda ekki gefið neina ástæðu til ýtarlegri efnisfjöllunar í greinargerð stefnda en þar sé fram færð. Framlagning þessara gagna myndi í verulegum atriðum raska málinu. Þar sem stefndi hafi ekki haft tök á að fjalla um gögn þessi í greinargerð sinni eða koma mótmælum þar að, sé framlagningu þessara skjala mótmælt.

Stefnandi vísar þessum rökum á bug og segir alvanalegt, að framlagning skjala sé með þessum hætti. Hann mótmælir því, að framlagning þessara skjala raski málinu. Hér sé einungis um nánari útlistanir að ræða á því, sem áður hefur komið fram í framlögðum reikningum.

Var þá þegar kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Þar sem hvorki í stefnu, dagsettri 27. mars 1991, né í greinargerð stefnanda, dagsettri 17. maí 1991, er minnst á önnur gögn, er enn þurfi að afla, eða aðra fyrirvara, þykir rétt, sbr. 105. gr. laga nr. 85/1936, að hafna umræddum skjölum stefnanda sem of seint fram komnum.

Ú r s k u r ð u r:

Lögmanni stefnanda er synjað um frekari framlagningu skjala.

Var þá málið tekið til flutnings um frávísunarkröfu stefnda.

Stefndi telur, að hér sé um frávísun *ex officio* að ræða, því að málið sé stórlega vanreifað, og krefst því frávísunar. Vísað er til 88. gr., 105. gr., 110. gr., 1. og 2. mgr., og 108. gr. laga nr. 85/1936 til stuðnings kröfu þessari. Í 105. gr. segi, að í greinargerð skuli geta málsástæðna og lagaraka, en það sé ekki gert í máli þessu af hálfu stefnanda. Málatilbúnaður stefnanda sé í ósamræmi við 88. gr. einkamálalaga. Krafa stefnanda sé reist á reikningum, sem séu ósundurliðaðir, ódagsettir og ekki studdir undirgögnum. Engin rök sé því að finna fyrir reikningum þessum og málið því ekki nægjanlega upplýst. Máli sínu til stuðnings vísar stefndi í Hrd. 1964,122, 1988, 1207 og 1319, og 1989, 8. Reikningar þessir segi ekki hálfa söguna. Í stefnu sé ruglað saman stefnda og Brimborg, tveimur ólíkum aðilum. Reikningar séu ódagsettir, en slíkt hljóti að vera ófullnægjandi, þar sem dagsetningar hljóti að vera grundvöllur vaxtaútreiknings. Lagarök stefnanda séu ómarkviss, þar sem aðeins sé vísað til kaupalaga í heild, þar sem stefnanda hafi verið nær að vísa í tilteknar greinar. Þegar allt þetta sé virt, hljóti menn að sjá, að málið sé svo vanreifað, að það sé ekki tækt til dóms.

Stefnandi mótmælir því, að málið sé vanreifað. Skýrt komi fram í stefnu, hvers sé krafist. Stuðst sé við reikninga, rakið, í hverju starf stefnanda var fólgið, svo að ljóst sé, á hverju málatilbúnaður er reistur. Engar aðfinnslur hafi verið gerðar um þetta atriði í greinargerð stefnda, þó að honum hafi verið það í lófa lagið. Því telur stefnandi, að krafa um frávísun á þessum grundvelli sé of seint fram komin. Reikningar þeir, sem fram eru lagðir, séu sundurliðaðir í vinnu, vélavinnu, efni og skatt. Gagnrýni stefnda á tilvísanir til laga sé marklaus, þar sem tilvísun til kaupalaga í heild sé nægileg, enda eigi þau við í heild, en ekki endilega eitthvert sérstakt ákvæði. Grundvöllur kröfu sé reikningar, vinnuseðlar séu aldrei lagðir fram, er menn eru rukkaðir. Ekkert sé fram komið, sem segi, að reikningum sé eitthvað áfátt. Dagsetningar eins og ágúst, júní séu fyllilega nægilegar. Báðir reikningar beri með sér, í hverju mál sé fólgið, og því sé það ekki vanreifað. Varðandi fylgigögn, sem ekki komust að í máli þessu, hafi lögmanni stefnda verið send þau 11. nóvember á faxi, svo að honum hefði verið auðvelt að taka afstöðu til þess, sem þar kom fram.

Niðurstaða.

Þegar litið er til þess, að stefnandi leggur aðeins fram til stuðnings kröfu sinni ljósrit tveggja reikninga, sem eru ódagsettir í júní og ágúst 1990, vegna vinnu við skoðun og skipti á drifi, án þess að frekar komi fram, hvað býr þar að baki, og án þess að gera fyrirvara um framlagningu frekari skjala og með vísan til 105. gr. laga 85/1936 þykir mega fallast á það með stefnda,

að málið sé ekki nægilega upplýst af hálfu stefnanda, til þess að það sé tækt til dóms.

Stefndi hefur krafist málskostnaðar vegna flutnings málsins um formhlið, og þykir hann hæfilega ákveðinn 46.906 kr.

Sölvi Sölvason, fulltrúi sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi, Vélsmiðja Tálknafjarðar, Tálknafirði, kt. 690269-3689, greiði stefnda, Sigurði Pálmasyni, Maríubakka 28, Reykjavík, kt. 240348-4979, 46.906 kr. í málskostnað.
